

Fundargerð 124. fundar Fræðslusjóðs
mánudaginn 12. desember 2022 kl. 13:00-13:30.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Hellen Magnea Gunnardóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Magnús Ingvarsson.

Fjarverandi: Eva Margrét Kristinsdóttir, Margrét Sigurðardóttir (og varamaður), Eyrún Björk Valsdóttir, Karl Rúnar Þórssón

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Verðlisti Fræðslusjóðs. Breytingar v. Fagbréf atvinnulífsins

Afgreiðsla: Samþykkt var að taka Fagbréf atvinnulífsins inn á verðlista Fræðslusjóðs. Framlag sjóðsins árið 2023 verður 95.000 fyrir hvert Fagbréf sem er gefið út. Eingöngu er greitt fyrir einstaklinga í markhópi framhaldsfræðslunnar.

Árið 2023 verður samstarfsaðilum heimilað að nýta hluta af úthlutun til raunfærnimats til verkefna undir formerkjum Fagbréfs atvinnulífsins, enda liggja fyrir samþykkt verkáætlun hjá FA. Fagbréf atvinnulífsins mun því ekki hafa áhrif á samþykta úthlutun Fræðslusjóðs 2023.

Framlaginu er ætlað að standa annars vegar undir kostnaði við verkefnastjórn, 80.000 og hins vegar þjálfun matsaðila og útgáfu Fagbréfs, sem FA hefur með höndum, 15.000. Forsenda er að fyrir liggja samstarf við fyrirtæki þaðan sem þátttakendur og matsaðilar koma, að raunfærnimatið sé á mótum viðurkenndum starfaprófi og tryggt sé að þátttakendur fái þá starfsþjálfun sem upp á kann að vanta til að geta fengið Fagbréf. Lágmarksfjöldi þátttakenda í hverju verkefni skal ekki fara undir sex.

Áður en verkefni hefst skal liggja fyrir verkáætlun samþykkt af FA. Í verkáætlun skal koma fram hvaða fræðsluaðili stýrir verkefninu, verkefnastjóri, samstarfsaðili (fyrirtæki/stofnun), fjöldi áætlaðra fagbréfa og áætluð verklok. Niðurstöður skulu skráðar í INNU. Við útgáfu hvers Fagbréfs, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út greiðir fræðsluaðili henni 15.000 kr. Hlutverk FA er að tryggja gæði kerfisins, þjálfa matsaðila, miðla upplýsingum um kerfið og uppfæra hæfniviðmið og leiðbeiningar.

Þessi ákvörðun mun ekki hafa áhrif á fyrirkomulag raunfærnimats móti námskrám framhaldsskóla.

2. Önnur mál

a. Fyrirkomulag funda 2023

Er núna síðasta þriðjudag hvers mánaðar kl. 13 – 14:30.

Afgreiðsla: Samþykkt óbreytt fundarfyrirkomulag.